

## Útdráttur

Á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Rio de Janeiro árið 1992 undirrituðu þjóðir heims ítarlega framkvæmdaáætlun í umhverfis- og þróunarmálum fyrir heimsbyggðina, svokallaða Dagskrá 21 (Agenda 21). Kafli 28 í Dagskrá 21 setti þá pólitísku og siðferðislegu skyldu á sveitarfélög að innleiða sjálfbæra þróun í samfélagið með gerð svonefndrar Local Agenda 21 – Staðardagskrár 21.

Á Íslandi hófst formleg vinna við Staðardagskrá 21 árið 1998 með samningi milli Umhverfisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sett var á laggirnar fjögurra manna verkefnisstjórn og ráðinn sérstakur verkefnisstjóri yfir verkefnið.

Í þeirri rannsókn sem hér er kynnt var skoðað hvort Staðardagskrárstarfið á Íslandi hefði skilað árangri og var árangursmat byggt á nokkrum rannsóknaraðferðum. Spurningalistar voru sendir til úrtaks úr sveitarfélögum, útgefnar Staðardagskrárskýrslur voru metnar, viðtöl tekin við kjörna fulltrúa og samanburður gerður við kannanir sem lagðar voru fyrir sveitarfélög árin 2000 og 2001.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til árangurs þar sem Staðardagskrá 21 hefur verið notuð sem marktækt skjal við stefnumótun og ákvarðanatöku. Aukin umhverfisvitund og skilningur er vísbending um árangur, en almennt stendur og fellur árangur af Staðardagskrá 21 með skilningi, áhuga og stuðningi sveitarstjórnarmanna.